

## Fundargerð 187. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

**Fundarstaður:** Þingborg  
**Fundardagur:** Miðvikudagur 10. maí 2017  
**Fundartími:** 13:30 – 16:45  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti  
Margrét Jónsdóttir  
Svanhvít Hermannsdóttir  
Stefán Geirsson varamaður Sigurbáru Rúnarsdóttur  
Rósa Matthíasdóttir  
Rannveig Árnadóttir, Agnes Björg Birgisdóttir, Hólmar Höskuldsson og  
Brynjar Jón Brynjarsson undir lið 2  
Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi Uppsveita undir lið 16  
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga. Oddviti óskaði eftir breytingu á útsendri dagskrá.

Við dagskrána bætist liður nr. 17 Skipulagsmál – a) „Vatnsendi“, b) Frestað mál á 185. fundi, „Reglur um gistileyfi“ og liður nr. 18, önnur mál.  
Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### *Dagskrá:*

#### **1. Landsvirkjun ehf – kynning vegna rennslisstýringar í Þjórsá**

Georg Þór Pálsson svæðisstjóri á Þjórsársvæði og Olivera Ilic starfsmenn í Búrfellsstöð mættu til fundarins og kynntu verkefni Landsvirkjunar á Suðurlandi á yfirstandandi ári og samstarf við fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök í nærsamfélaginu. Einnig sagt frá gestamóttöku og fræðslustarfi fyrirtækisins. Stefnt er að auknu upplýsingarflæði til sveitarfélaganna á næstu misserum.

Sveitarstjórn telur brýnt að Landsvirkjun bæti upplýsingaflæði til veiðfélaganna á Þjórsársvæði og samtals við þau.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **2. Ungmennaráð Flóahrepps**

Formaður Æskulýðs- og tómstundanefndar Rannveig Árnadóttir, fulltrúar úr ungmennaráði Flóahrepps, Hólmar Höskuldsson Stóra- Ármóti, Agnes Björg Birgisdóttir Langholti, og Brynjar Jón Brynjarsson Hófgerði boðin velkomnir til starfa með Æskulýðs og tómstundanefnd.

Þau sögðu frá óskum þessa aldurshóps um að fá að opna Ungmennahús í Flóahreppi. Einnig rætt um að þau hefðu áhuga á að halda málþing með ungmennum í Flóahreppi. Sveitarstjórn tók vel í hugmyndirnar og óskaði eftir formlegum erindum varðandi þær. Þau ræddu einnig um að áhugi ungmenna væri meiri fyrir þátttöku í stjórnsýslu og nefndarstörfum en fullorðnir gerðu sér grein fyrir. Sveitarstjórn hvatti þau til þess að láta vita af þessum áhuga í tengslum við undirbúning næstu sveitarstjórnarkosninga. Fulltrúarnir hvattir til þess að vera duglegir að senda inn upplýsingar og hugmyndir. Sagt frá starfsemi Ungmennaráðs Suðurlands og næsta umræðupartýi sem verður haldið á Hvolsvelli.

Sveitarstjórn samþykkir að taka fyrir á næsta fundi áður sent erindi hópsins um Opið hús.

Samþykkt með 5 atkvæðum

**3. Umsókn um launalaust leyfi – Alda Stefánsdóttir dags. 12. apríl**

Lagt fram erindi frá Öldu Stefánsdóttur kennara í Flóaskóla, dags. 1. apríl 2017, þar sem óskað er eftir árs leyfi frá störfum í Flóaskóla. Stuðningur við umsókn staðfestur af þáverandi skólastjóra 12. apríl og fræðslunefnd Flóahrepps. Einnig lögð fram beiðni dags. 21. apríl um undanþágu frá reglum Flóahrepps um tímamörk umsóknar.

Lagt fram til kynningar þar sem borist hefur uppsagnarbréf frá umsækjanda.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**4. Samningur um afritun verndaðra verka – erindi frá Fjölís**

Lagður fram endurnýjunarsamningur um ljósritun og hliðstæða eftirgerð verndaðra verka. Undir samninginn fellur afritun sem fram fer í stjórnsýslu sveitarfélaganna og öllum rekstri öðrum en grunn- og leikskólum.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn með 5 atkvæðum.

**5. Gamla Þingborg styrkúthlutun frá Minjastofnun Íslands – viðgerðir utanhúss**

Lagt fram erindi frá umsjónarmanni fasteigna ásamt kostnaðaráæltun vegna múrviðgerða á Gömlu Þingborg. Einnig lagt fram erindi Minjastofnunar Íslands – staðfesting á styrkúthlutun vegna 1. hluta viðgerðaráætlunar.

Sveitarstjórn samþykkir að fela umsjónarmanni fasteigna að vinna verkið áfram á grundvelli áætlunarinnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum

**6. Umsókn um rekstrarleyfi frá Helenu Hólm f.h. Stubbalubba ehf**

Lögð fram beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingum frá Helenu Hólm, kt. 010164-4359 f.h. Stubbalubba ehf, kt. 650102-2580 í Skálatjörn.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins að því tilskildu að ekki komi athugasemdir frá byggingarfulltrúa, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands eða Brunavörnum Árnassýslu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**7. Vinnufundur sveitarstjórnar og fræðslunefndar**

Farið yfir fundargerð fundarins og þau atriði sem ákveðin voru á fundinum og stöðu á úrvinnslu þeirra.

Í ljósi barnafjölda sem skráð verða í Krakkaborg starfsárið 2017 – 2018, óskar sveitarstjórn eftir að það sé vel farið yfir starfsmannþörf Krakkaborgar vegna fyrirsjáanlegrar fækkunar nemenda. Sveitarstjórn óskar eftir því að klst. milli 16:00 og 17:00 sé kostnaðargreind og tillaga gerð að gjaldskrá í samræmi við kostnað og með hliðsjón af því sem er í nágrennasveitarfélögunum.

Leiðrétta þarf upplýsingar sem fram koma í fyrirbyggjandi fundargerð þar sem vitnað var í upplýsingar úr Skólapúlssi, um að einelti hefði ekki verið mælanlegt hjá nemendum í Flóaskóla. Fram þarfi að koma að það er ekki í samræmi við niðurstöður í nemendapúlssi. Sveitarstjórn og fræðslunefnd voru sammála um að leitað yrði til ráðningarfyrtækisins Capacent varðandi ráðningu skólastjóra Flóaskóla og að leitað yrði til utanaðkomandi ráðgjafa í málefnum grunnskóla til þess að fara yfir þörf og uppbyggingu á starfsmannahaldi í Flóaskóla.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**8. Drög að samningi við Ingvar Sigurgeirsson ráðgjafa í skólamálum**

Lögð fram drög að samningi milli Flóahrepps (600606-1310) og Skólastofunnar slf – Rannsóknir - ráðgjöf (kt. 570412-1750) um ráðgjöf starfsmanns Skólastofunnar, Ingvars Sigurgeirssonar. Ráðgjöfin felst í m.a. í greiningu og mats í Flóaskóla og aðstoð við ráðningar skólastjóra og annarra starfsmanna.

Samningurinn samþykktur með 5 atkvæðum og sveitarstjóra falið að undirrita f.h. Flóahrepps.

Vísað til viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2017.

**9. Drög að samningi við Capacent**

Lagður fram samningur við Capacent vegna ráðningar skólastjóra við Flóaskóla.

Samningurinn samþykktur með 5 atkvæðum og sveitarstjóra falið að undirrita f.h. Flóahrepps. Vísað til viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2017.

**10. Umsóknir um menningarstyrk Flóahrepps**

Lagðar fram umsóknir um menningarstyrk Flóahrepps frá Veroniku Narfadóttur og Bjarna Pálssyni vegna Flóamannabókar og Fanndísi Huld Valdimarsdóttur vegna Gallery Flóa, Gömlu Þingborg, vegna uppsetningar á Salt - keramik brennsluofni.

Umsóknirnar kynntar og afgreiðslu frestað þar til umsögn vinnuhóps SASS og umsögn menningarnefndar Flóahrepps liggja fyrir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**11. Erindi frá Oddnýju L. Guðnadóttur - reiðnámskeið Sleipnis**

Lagt fram erindi frá Oddnýju L. Guðnadóttur f.h. reiðskóla Sleipnis, þar sem óskað er eftir aðstoð 1 – 2 unglinga frá Vinnuskóla Flóahrepps sumarið 2017.

Erindið samþykkt með 5 atkvæðum.

**12. Erindi frá Batasetri Suðurlands – styrkbeiðni**

Erindi frá Jónu Heiðdís Guðmundsdóttur forstöðukonu Bataseturs Suðurlands þar sem óskað er eftir stuðningi við starfsemina.

Sveitarstjórn samþykkir styrk kr. 50.000 kr. Bókast á lykil nr. 0285-9991.

Samþykkt með 5 atkvæðum

**13. Frá nefndarsviði Alþingis:**

**a) Tillaga til þingályktunar um opnun neyðarbrautarinnar á Reykjavíkurlflugvelli, 156. mál.**

Lagt fram til kynningar.

**b) Tillaga til þingályktunar um millilandflug um Hornafjarðarflugvöll, 222 mál.**

Lagt fram til kynningar.

**c) Frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum ( íbúakosningar) 184. mál.**

Lagt fram til kynningar.

**d) Tillaga til þingályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga, 270. mál.**

Lagt fram til kynningar.

**e) Tillaga til þingályktunar um stefnumörkun og aðgerðaráætlun um kolefnislaust Ísland 114. mál.**

Lagt fram til kynningar.

**f) Frumvarp til laga um sveitarsjórnarlög 375. mál**

Lagt fram til kynningar.

**g) Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs og ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur 333. mál**

Lagt fram til kynningar.

**h) Frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 435. mál**

Lagt fram til kynningar.

**i) Frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, 436. Mál**

Lagt fram til kynningar.

**j) Tillaga til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017 – 2021, 434. mál.**

Lagt fram til kynningar.

- k) Frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, 438. mál**

Lagt fram til kynningar.

- l) Frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, 439. mál**

Lagt fram til kynningar.

- m) Frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, 190. mál**

Lagt fram til kynningar.

#### **14. Trúnaðarmál:**

Fært í trúnaðarmálabók.

#### **15. Fundargerðir:**

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 186, dags. 26.04.2017**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- b) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 99, dags. 11.04.2017**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- c) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 100, dags. 25.04.2017**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- d) Sameiginlegs fundar sveitarstjórnar Flóahrepps og fræðslunefndar dags. 02.05.2017**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- e) Stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. nr. 43, dags. 19.04.2017**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- f) NOS dags. 25.04.2017**

Á fundi NOS sem haldinn var í Vatnsholti var forstöðumanni Skóla – og velferðarþjónustu Árnesþings veitt heimild til að ráða sálfræðing í verktöku til að grynka á fyrirliggjandi biðlistum hjá Skóla og velferðarþjónustu Árnesþings. Einnig var samþykkt að fela Aldísi Hafsteinsdóttur að hefja samningaviðræður við eigendur hentugs húsnæðis fyrir starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir ofangreind mál með 5 atkvæðum Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

- g) Stjórnar Brunavarna Árnæssýslu nr. 13, dags. 02.05.2017**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- h) Framkvæmdaráðs Almannavarna Árnæssýslu nr. 18, dags. 25.04.2017**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- i) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr 255, dags. 03.05.2017**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- j) Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 849, dags. 31.03.2017**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

#### **16. Efni til kynningar:**

- a) Aðalfundarboð Eignarhaldsfélags Suðurlands**

- b) Ályktun frá Ungmennaráðstefnu UMFÍ á Laugabakka 2017**

- c) Ársreikningur hitaveitu Hraungerðishrepps sf 2016**

- d) Frá málefnaþópi ÖBÍ um aðgengismál – leiðbeiningarrit**

- e) Frá skipulagsfulltrúa - vegna bókunar á 185 fundi, liður nr. 15**

#### **17. Skipulagsmál:**

- a) Vatnsendi - alifuglabú:**

Pétur Ingi Haraldsson mætti til fundarins.

Lögð fram að nýju að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga deiliskipulag fyrir alifuglabú á jörðinni Vatnsenda í Flóahreppi ásamt

umhverfisskýrslu. Tillagan var auglýst 16. febrúar 2017 með athugasemdafresti til 31. mars. Var deiliskipulagið tekið fyrir að lokinni auglýsingu á fundi skipulagsnefndar þann 6. apríl 2017. Á þeim fundi láðist að leggja fram eina athugasemd sem barst á kynningartíma og það sama á við um þegar deiliskipulagið var afgreitt í sveitarstjórn þann 12. apríl. Deiliskipulagið er því lagt fram til afgreiðslu að nýju ásamt athugasemd sem barst 24. febrúar 2017 auk viðbragða umsækjenda við þeirri athugasemd.

*Að mati sveitarstjórnar koma ekki fram ný atriði í fyrirliggjandi athugasemd sem breyta afstöðu sveitarstjórnar hvað varðar afgreiðslu málsins. Er deiliskipulagið því samþykkt að nýju með 5 atkvæðum án breytinga frá auglýstri tillögu.*

**b) Reglur vegna leyfisveitinga – gistirekstur**

Skipulagsfulltrúi fór yfir nokkur atriði varðandi þessar reglur og svaraði fyrirspurnum. Sveitarstjórn samþykkti reglurnar með 5 atkvæðum.

**18. Önnur mál**

**a) Vinnuskóli Flóahrepps**

Fyrir liggja 18 umsóknir um þátttöku í vinnuskóla Flóahrepps, þar af fjórar þar sem lögheimili barna er ekki í Flóahreppi. Umsóknarfrestur rennur út 15. maí. Ákveðið að auglýsa eftir flokksstjóra, 18 ára eða eldri í unglíngavinnuna til þess að vera Árna Geir Hilmarssyni til aðstoðar. Sveitarstjórn sér sér ekki fært að taka við umsóknum íbúa frá öðrum sveitarfélögum. Ákveðið að bjóða upp á tvær vikur fyrir nemendur úr 7. bekk eins og s.l. sumar ef næst að ráða flokkstjóra. Laun í Vinnuskóla Flóahrepps hækka frá árinu 2016 í samræmi við launavísitölu. Samþykkt með 5 atkvæðum.

**b) Fundartími næsta sveitarstjórnarfundar**

Næsti sveitastjórnarfundur verður haldinn miðvikudaginn 14. júní klukkan 13:30 í Þingborg.

Árni Eiríksson verður fulltrúi Flóahrepps á aðalfundi EFS 11. maí á Selfossi Íbúafundur verður haldinn í Flóahreppi 1. júní vegna greiningarvinnu KPMG fyrir sveitarfélög í Árnassýslu.

**c) Sala Brandshúsa 5.**

Fyrir liggur kaupsamningur. Seljandi Flóahreppur kt. 600606-1310. Kaupendur: Helgi Þór Guðjónsson kt. 201181-4109 og Oddný Lára Guðnadóttir kt. 260487-2489. Meðfylgjandi er samþykkt kauptilboð, ný lán kaupenda og staða áhvílandi láns á eigninni.

Söluverð eignarinnar er 25.500.000. Áhvílandi lán er þann 01.05.2017 kr.

28.012.956. Greiða þarf inn á lánið kr. 2.600.000 áður en kaupsamningur er haldinn þannig að kaupverðið dekki eftirstöðvar áhvílandi láns.

Sveitarsjórn samþykkir fyrirliggjandi tilboð og framlag til uppgreiðslu á áhvílandi láni. Samþykkt með 5 atkvæðum.

d. Lagður fram tímabundinn ráðningarsamningur milli Katrínar Ó. Þráinsdóttur og Flóahrepps um starf skólastjóra Flóaskóla frá 1. maí 2017 – til 31. júlí 2017.

Samningurinn samþykktur með 5 atkvæðum

Árni Eiríksson oddviti (sign)

Margrét Jónsdóttur (sign)

Svanhvít Hermannsdóttir (sign)

Stefán Geirsson varamaður Sigurbáru Rúnarsdóttur (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)